vikuskammtur



AF VONLAUSUM TANGO

Til þess er að sjálfsögðu ætlast af sjónvarpinu, að það fjalli um þau höfuðvandamál, sem steðja að mannkyninu hverju sinni, og væri óréttlátt að halda því fram að stofnunin hafi brugðist þessari skyldu sinni.

Gerðir hafa verið margir og greinargóðir þættir um skaðsemi reykinga, hassið, brennivínsháskann, getnaðarvarnir og fleira það, sem líklegt er talið að orðið geti til að tortíma mannkyninu.

Nú er ,,hlaupinn af stokkunum'' nýr þáttur um vágest sem svo sannarlega virðist vera til þess fallinn að ógna mannlífinu á jörðinni, en það er offita og ofát. Til eru að sjálfsögðu þeir menn, sem segja að þessi hörmung herji ekki á nema vissa heimshluta, en það breytir að sjálfsögðu engu um þá vá sem er fyrir dyrum og þess vegna ber að fagna þessu framtaki sjónvarpsins.

Mér skilst að þættirnir eigi að vera vikulega til að byrja með, en síðan á víst, ef ég man rétt, að láta líða lengra á milli, víst þegar mörsugur er genginn í garð.

Þegar þetta er ritað er fyrsti þátturinn liðinn hjá, og mátti af honum ráða að allar afleiðingar ofáts væru líkamlegs eðlis, en þar sem ég hef lengi verið á öndverðum meiði, finn ég mig knúinn til að setja hér fram kenningar mínar. Mig langar þá fyrst til að lýsa sjónvarpsþættinum eins og hann kom mér fyrir sjónir, og vona að þar sé ekki hallað réttu máli svo alvarlega að teljandi slagsíða sé á.

Í þættinum komu fram bæði lærðir og leikir og voru þar færð rök fyrir því, að líkur gætu verið á, að ofát væri hugsanleg orsök offitu, þó það að vísu væri staðreynd, að horaðir menn stunduðu ekki síður ofát en fitubelgir. Bráðfalleg stúlka, sem er að verða doktor í ofáti, setti meðal annars fram þá hugmynd að ekki þýddi að halda áfram að dæla bensíni á bíl eftir að geymirinn væri orðinn fullur og sama væri að segja um mataræði (og þá væntanlega drykkjusiði).

Þá kom á skjáinn annar sérfræðingur í offitu, og sagði sá eitthvað á þá leið að þyngd manna færi oft eftir stærð þeirra, þannig að stórir menn væru þyngri en smáir, en stundum væri þessu öfugt farið. Hefðu raunar amerísk tryggingarfélög sannað það með rannsóknum á fjórum miljónum manna, að feitir menn enduðu fremur í gröfinni en horaðir. Á þessum forsendum er það byggt að ekkert tryggingarfélag vill líftryggja undirritaðan, en að sögn sárafá Óla Jó og Kidda Finnboga.

Eins og um tvo framangreinda samfélaga mína er það um mig að segja, að ég er fremur stuttur og feitur, sumir mundu kannske segja riðvaxinn, svo að við verðum líklega allir þrír að beygja okkur fyrir þeirri amerísku, sérfræðilegu staðreynd, að það eigi fremur fyrir okkur að liggja að geispa einhvern tímann golunni, en þeim sem krángalegri eru, eins og til dæmis Jónas Haralz.

Þó óneitanlega sé mikil freisting að beygja sig fyrir jafn haldgóðum rökum og hér eru fram sett um líf og dauða og jafnvel fallast á réttmæti þeirra, get ég upplýst þá, sem þessar línur lesa, um það, að líkamleg heill hins stutta og feita er í óumræðilega góðu standi miðað við sálarheill hans. Ég á satt að segja erfitt með að lýsa því hve oft það hefur valdið mér ómælanlegu hugarangri að vera ekki hár og grannur, en sú staðreynd hefur oft staðið mér mjög fyrir þrifum, sérstaklega í dansi á opinberum veitingastöðum. Þetta veit ég að á líka við um Óla og Kidda.

Það er nefnilega óbærileg tilhugsun fyrir dansherra að stíga tangó (hvort sem það er nú í París eða annars staðar) við dömu, nema ná henni rækilega í mitti, einkum þegar haft er í huga hvar slíkur maður verður að halda utanum slíka konu, þegar allir hinir herrarnir halda utanum mittið.

Það er ekkert launungarmál, að mig hefur lengi langað til að stíga dans við eina mjög góða en hörku vinstrisinnaða vinkonu mína, og ég hef ríka ástæðu til að ætla að hún beri sömu þrá í brjósti, en hæðarmunurinn á okkur er slíkur að óhugsandi er að við fáum nokkurn tíman að njótast (í dansi) á opinberum veitingastað.


Vangadansi verður að sjálfsögðu ekki við komið, nema með aðferðum, sem hingað til hafa ekki verið viðhafðar nema í heimahúsum, og slíkur dans mundi enda á barmi glötunar.

Það þarf enginn að segja mér að Óla og Kidda hafi aldrei langað í svona dans við eina ,,hörku vinstrisinnaða'', en því hafi ekki verið við komið af framangreindum ástæðum, nema þá á stultum, eða þá að daman stígi dansinn meira en lítið hokin í hnjánum.

Hvað sagði raunar ekki yfirlæknirinn á Kólestról-þinginu í vor:

,,Ístran veldur kröm og kvöl,
kvillum — mundi ég segja.
Hún er okkar æviból,
af henni munum við deyja''.

FLOSI



L. Alcopley

L. ALCOPLEY að Kjarvalsstöðum

Í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á verkum bandarísku lista- og vísindamannsins Alcopleys, og eru á sýningunni yfir 300 verk frá 33 ára tímabili.

Alcopley er mörgum íslendingum að góðu kunnur, því að hann var kvæntur Ninu Tryggvadóttur listmálara, og hefur mjög oft komið hingað til lands áður, þótt þetta sé fyrsta sýning hans hér.

Þegar blaðamaður Þjóðviljans leit inn á Kjarvalsstöðum var listamaðurinn önnum kafinn niðri í kjallara að mála 25 metra langt málverk, sem síðan átti að setja upp á norðurhlið safnhússins; var þetta að því er forráðamenn safnsins töldu, lengsta málverk sem málað hafði verið á Íslandi. En þótt Alcopley ætti annríkt gaf hann sér samt góðan tíma til að rabba við fréttamenn, og tók hann sérstaklega fram að þessi sýning væri sér mjög mikilvæg, vegna allra þeirra tengsla sem hann hefði við Ísland. Í fylgd með honum voru dóttir hans, sem fædd er hér á landi, og tengdasonur, en þau eru bæði listamenn.

Alcopley sagði að hann væri í rauninni tveir ólíkir menn. Á einu tilverustiginu er hann frægur vísindamaður, sérfræðingur í blóðrannsóknum og kennari við Poly technic Institute of New York, en á hinu tilverustiginu er hann listamaður, sem tekið hefur þátt í flestum þeim straumum, sem máli skipta í listþróun tuttugustu aldar. Hann tók þó fram, að sambúð þessara tveggja ólíku manna væri ekki erfið. Hann fæddist í Þýskalandi árið 1910 og kynntist á unga aldri því helsta sem þar var að gerast á sviði lista. En eftir valdatöku nasista varð hann að flýja land, og dvaldist í Sviss 1935-1937, en flutti síðan til Bandaríkjanna og varð bandarískur ríkisborgari 1943. Hann gerðist málari árið 1939 og varð brátt einn af frumherjum nútímalistar í Bandaríkjunum. Þannig var hann einn af tólf stofnendum ,,klúbbsins'' svonefnda á 8. stræti í New York, en aðrir í þeim hópi voru Jackson Pollock og Franz Kline. Alcopley kvæntist Ninu Tryggvadóttur árið 1949, og bjuggu þau nokkur ár í París, þar sem þau stofnuðu samtökin ,,Le Club'' ásamt málaranum og rithöfundinum Michel Seuphor. Eftir 1960 bjuggu þau í New York. Nína lést árið 1968.

Alcopley hefur haldið upp undir fjörutíu einkasýningar víða um heim, þ.á m. í New York, London, París, Jerúsalem og Tókió, og tekið þátt í ótal mörgum samsýningum. Sýningin að Kjarvalsstöðum stendur yfir dagana 10. til 25. september.



Eitt af þeim rúmlega 300 verkum Alcopleys sem eru á sýningunni.

Málaskólinn Mímir

Lifandi tungumálakennsla. Mikið um nýjungar. Kvöldnámskeið fyrir fullorðna. Samtalsflokkar hjá Englendingum. Léttari þýska. Norðurlandamálin. Suðurlandamálin. Hinn vinsæli Enskuskóli Barnanna. Unglingum hjálpað fyrir próf. Einkaritaraskólinn, sími 10004 og 11109 (kl. 1-7 e.h.)

Tempo INNRÖMMUN
Hamraborg 12
Sími 43330
Alhliða innrömmunarþjónusta

TILBÚNAR Á 3 MÍN.!
PASSAMYNDIR
í ökuskírteini - nafnskírteini vegabréf - skólaskírteini o.fl.
OPIÐ Í HÁDEGINU
Ljósmyndastofa AMATÖR
LAUGAVEGI 55 ☎ 22718

Blikkiðjan
Ásgarði 7, Garðabæ
Önnumst þakrennusmíði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmíði.
Gerum föst verðtilboð
SÍMI 53468